

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 345

september 2024



September 2024. Blað nr. 345

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2024 – 2025

Fjölumðæmisstjóri: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri:

Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Vara fjölumðæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingsstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir, Lkl. Kiddi

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (félagamál): Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GST stjóri: (verkefni) Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnamaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnamaður 2023-2025: Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrunar Bjartar(formaður): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganefnd (form.): Eldjárn Árnason, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjarðar stjóri: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Jóhann Jónsson Lkl. Álftanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Fjölumðæmisstjórn:



Geirþrúður Fanney Bogadóttir, fjölumðæmisstjóri. Geirþrúður er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: gfbogadottir@gmail.com



Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri í 109 A. Inga Lóa er félagi í Lionsklúbbum Freyju og er með tölvupóstfangið ingaloo75@simmet.is



Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri 109B. Sumarliði er félagi í Lionsklubb Stykkishólms. Netfang Sumarliða er fimnfjaskar@gmail.com

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K. Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumðæmisstjóri 109B: Aðalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Einar Hilmarsson, Lkl. Laugardæla

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: John Allen Lawrence, USA; Steven Middlemiss, USA; Hans J. Neidhardt, USA; Joanne Ogden, Canada; Anthony Paradiso, USA; Katsuki Shirotsuka, Japan.

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fyrsta tölublað þessa starfsárs 2024 til 2025 komið út. Þetta blað er eingöngu netblað.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á blaðinu frá því síðustu ár og er stærsta breytingin sú að ritstjóri ásamt fjölumðæmisstjórn hefur ákveðið að hætta að birta minningargreinar í blaðinu. Við munum þó birta dánarfregnir í blaðinu og birta minningargreinar á heimasíðu Lions á Íslandi, lions.is. Þetta er betur kynnt hér síðar í blaðinu. Félagar geta eftir sem hingað til sent inn minningargreinar um látna félaga og munu þeir senda þær til ritstjóra sem mun koma þeim á réttan stað til birtingar.

Önnur nýjung er sú að nýir félagar sem hafa gengið í hreyfinguna á þessu starfsári eru nefndir í blaðinu og í hvaða klúbb þeir genu. Í framhaldi af því ætlan ritstjóri að taka létt og skemmtileg viðtöl við þá og birta í blaðinu að minnsta kosti einn eða kannski fleiri í hverju blaði.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna hér nokkrar eins og frá fjölumðæmisstjórn og yfirmönnum GAT á Íslandi. Margar aðrar greinar eru í blaðinu sem ég hvet ykkur til að lesa og væri of langt mál að telja þær allar upp hér.

Ég hlakka til að vinna með ykkur kærnu félagar að góðum lionsmálum í vnetur og vona að við eigum öll eftir að eiga gott lionsár.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blads.

Lionsblaðið er komið með nýtt netfang sem tekur gildi nú þegar og er lionsbladið@lions.is.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladið@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Deilum þjónustusögum okkar

Pistill Alþjóðaforseta



Þjónustan okkar er óvenjuleg og sögurnar sem við búum til í gegnum vinnuna okkar eru alveg jafn merkilegar. Hver þjónusta er saga sem vert er að segja frá – og ekki aðeins hér í Lionsblaðinu. Sem lionsfélagar höfum við einstakt tækifæri til að deila þeim með heiminum.

Hvert verkefni, hvort sem það er stórt eða lítið, hefur möguleika á að hvetja og efla. Frá því augnabliki sem við tökum nýtt frumkvæði, hefjum nýtt verkefni þá sjáum við þau áhrif sem það hefur á fólkið sem við erum að þjóna. Hvert skref í þeirri vegferð að setja á fót þjónustuverkefni er frásögn sem bíður þess að verða miðlað.

Svo deildu sögunum þínum. Og deila þeim oft. Notaðu áhrifaríkar myndir, myndbönd og frásagnir til að lífga upp á sögurnar þínar. Hjá lionsshreyfingunni eru margar leiðir til þess að

dreifa þessum sögum, s.s. Lionsblaðið, heimasíða Lions og samskiptamiðlar eins og Facebook og Instagram svo einhverjir séu nefndir.

Við skulum öll skuldbinda okkur til að kynna þjónustu okkar. Þegar við gefum öðrum innsýn í hvernig við breytum lífi og samfélögum sem lionsmenn, getum við hvatt þá til að ganga til liðs við okkur. Og það er enn ein leiðin sem við getum sett mark okkar á heiminn.

*Til þjónustu reiðubúinn,
Fabricio Oliveira
Alþjóðaforseti Lions
Þýðing: Þorkell Cýrusson*



Haustið gengið í garð

Inga Lóa Steinarsdóttir,
umdæmisstjóri 109 A



Nú þegar hausta tekur förum við Lions félagar í startholurnar að byrja starf okkar, setjum línur fyrir komandi starfsár og hugum að hvernig við getum við getum enn frekar látið gott af okkur leiða. Þegar þið setið upp dagskránnar fyrir starfsárið langar mig að biðja ykkur að hafa ofarlega í huga að hafa þetta létt og skemmtilegt, hlúa hvort að öðru og láta

kærleikann flæða í gegnum starfið eins og ég talaði um á þinginu í vor.

Eins og vel er vitað þá erum við að eldast og þurfum að hugsa til framtíðar fyrir okkur sjálf, klubbanna okkar og hreyfinguna. Hvernig viljum við sjá klubbstarfið þróast? Hvað getum við gert til þess að allir sjái að starfið okkar skiptir sköpum í samfélaginu? Ef það væru ekki til sjálfbóðaliðasamtök eða sjálfbóðaliðar hvernig samfélag værum við þá? Viljum við svoleiðis samfélag? Ég tel að við Lions félagar viljum sjá sjálfbóðaliðastarf þróast og blómstra um ókomna framtíð. En hvernig gerum við það? Nú, með því að segja frá því sem við gerum, kynnum starfið okkar fyrir fjölskyldu, vinum og vinnufélögum og bjóða þeim að taka þátt með okkur. Því við erum ekki bara sjálfbóðaliðar heldur erum við stór fjölskylda.

Ég fer gífurlega spennit inn í starfsárið. Get varla beðið eftir heimsækja klúbba og ykkur félaganna, að fá að fylgjast með ykkur vinna að verkefnum ykkar og sjá áhrifin sem þið hafið á samfélagið okkar. Það er mér mikill heiður að fá tækifæri að fá að sjá ykkur í leik og starfi og kynnast ykkur enn frekar.

Mig langar að minna ykkur á að hvetja alla

félaga sem og klúbba að nýta sér námskeið sem fræðsluteymið okkar hefur sett saman. Þau hafa sett upp fjöldann af námskeiðum sem eru auglýst á heimasíðunni sem og tölvupóstur verður sendur. Einnig geta klúbbar leitað til fræðsluteymisins um að halda sérstök námskeið fyrir sig, teymið okkar er boðið og búið að hjálpa á allan þann máta sem þau geta. Einnig er fjöldi námskeiða og fróðleik að finna í Learning Center á Lion Portalinu sem er vel þess virði að kíkja á, ekki gleyma mentun er máttur.

Einkunnar orð mín í ár er „tökum slaginn“ eða „together we fight the good fight“ og það sannarlega stefni ég að gera á þessu starfsári. En ég geri það ekki ein heldur þarf ég ykkur öll til að hjálpa mér að hlúa að hvort öðru og gera hreyfinguna enn sýnilegri. Höldum áfram að setjum okkar mark á starfið sem eru einmitt einkunnar orð „make your mark“ alþjóðaforseta okkar Fabricio Olivera.

Ég hlakka gríðarlega til samstarfs með ykkur öllum. Endilega kippið í mig eða hina umdæmisstjórnanna ef við getum gert eitthvað betur, þið sjáið tækfæri á nýju verkefnum eða bara til að taka spjallið.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 31. október

Fjölumdæmisstjóri MD 109

Geirprúður Fanney Bogadóttir,

Fjölumdæmisstjóri MD 109



Kæru lionsfélagar.

Það er tilhlökkunarefni að hitta lionsvini aftur eftir sumarfrí. Ég vona að þið hafið haft það gott í sumar og komið endurnærð til starfa á ný.

Alþjóðáþing Lions;

Alþjóðáþing Lions var haldið í Melbourne í Ástralíu dagana 21. – 25. júní. Við vorum 13 frá Íslandi sem sóttum þingið, góður hópur og samtaka. Þetta var mikil törn hjá umdæmisstjórunum okkar, þeim Ingu Lóu Steinarsdóttur, umdæmisstjóra 109A og Sumarliða Ásgeirssyni, umdæmisstjóra 109B, því auk þess að sitja þingið og námskeiðin eins og við hin, luku þau síðasta áfanga umdæmisstjóráskólans og voru svo sett í embætti við hátíðlega athöfn.

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán í Ólafsvík, var kosin NSR Coordinatior til 3 ára, frá 2023 og því kom í hennar hlut að skipuleggja Kynningarkvöld (Get together) fyrir Norrænu Lionsfélagana, móttökuvíðburð Lions á Norðurlöndunum (Hospitality Room) með 800 boðsgestum - og þátttöku Norðurlandanna í skrudgöngunni. Allir þessir viðburðir tókust einstaklega vel og við erum afar stolt af frammistöðu NSR Coordinatiorisins okkar.

Það var líka í nógu að snúast hjá Guðrúnu Björt Yngvadóttur, fyrrverandi alþjóðaforseta og eiginmanni hennar Jóni Bjarna Þorsteinssyni, fyrrverandi alþjóðastjórnarmanni og hjá Halldóri Kristjánssyni, alþjóðastjórnarmanni og Jennýju Ágústsdóttur, eiginkonu hans.

Allt frábærir félagar sem halda merki Íslands og Norðurlandáþjóðanna hátt á lofti í Lionsheiminum.

Nýr alþjóðaforseti Lions

Á þinginu var Fabrício Oliveira, frá Brasilíu

kosinn alþjóðaforseti Lions, starfsárið 2024-2025. Einkunnarorð hans eru „Make your mark“ - „Markaðu spor“.

Alþjóðaforseti hefur hug á að koma til Íslands en ekki ennþá staðfest dagsetningu, líklegast er þó að það verði á tímabilinu frá lokum október fram í miðjan nóvember. Fabricio alþjóðaforseti stefnir að því að heim-sækja sem flest lönd á forsetaárinu en dvelja stutt á hverjum stað, hugsanlega 3 daga, að komu- og brottfarardegi meðtöldum.

Aðaláhugamál Fabrícios alþjóðaforseta í verkefnum eru: „Geðheilsa og vellíðan“. Það eru margir klúbbar hjá okkur sem styðja við málefni á því sviði og við þiggjum allar góðar hugmyndir fyrir heimsóknina því trúlega munum við hafa stuttan tíma til undirbúnings.

Meira um forseta

Í sumar kusum við Íslendingar okkur nýjan forseta. Guðrún Björt, skrifaði Höllu Tómasdóttur nýkjörnum forseta lýðveldisins, bréf með heillaóskum frá Lions á Íslandi ásamt beiðni um að hún myndi sem forseti taka að sér að vera verndari Lions á Íslandi, líkt og forverar hennar í áratugi. Svar frá Höllu forseta hefur þegar borist þar sem hún þakkar góðar kveðjur og samþykkir fúslega að vera verndari Lions. Guðrún Björt skrifaði einnig bréf til fráfarandi forseta, Guðna Th. Jóhannessonar, með þökkum frá Lionshreyfingunni fyrir velvild í okkar garð í embættistíð hans.

Hjálparsjóðir á vegum Lions

Skráning hjá Lions International og árlegar skýrslur

Um miðjan júlí barst erindi frá Lagadeild LCI til Sigfríðar fráfarandi fjölumdæmisstjóra þar sem óskað var eftir að góðgerðarsjóðir á vegum fjölumdæmisins yrðu skráðir hjá LCI og að fjölumdæmið myndi skila inn ársskýrslum varðandi þá. Þetta er nýtt fyrirkomulag. Lions International heyrir undir bandarísk lög, nánar tiltekið Illinois (Chicago) sem þýðir strangar reglur um hvers konar sjóði, m.a. til að koma í veg fyrir fjármálamisferli, peningaþvætti o.fl. svo og misnotkun á okkar merki og ímynd. Þegar sjóður er skráður hjá LCI, þarf alltaf að skila ársskýrslu með nákvæmum fylgiskjölum, bæði á íslensku og með þýðingu frá löggiltum þýðanda. Því fylgir talsverð vinna og kostnaður. Verið er að skoða þetta og vonandi höfum við nánari upplýsingar seinna á haustinu.

Samsvarandi póstur frá LCI mun hafa verið sendur til einhverra klúbba. Verkefnasjóðir klúbba, hvaða nafni sem þeir nefnast, ættu ekki að vera flokkaðir sem "Trust/Foundation" eða slíkt, ef þeir eru á kennitölu klúbbsins og

eingöngu klúbbsfélagar eru í forsvari fyrir sjóðinn og ákvarðanir um styrkveitingar teknar á klúbbsfundum af klúbbsfélögum. Það væri þá helst ef einhverjir fjársterkir klúbbar væru með aðra sjóði en hefðbundna verkefnasjóði klúbba.

Fundur fjölumdæmis og umdæma;

Fyrsti fundur fjölumdæmis og umdæma var haldinn í Lionsheimilinu 31. ágúst s.l. Góð mæting var og liflegar umræður. Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður, færði okkur nýjustu fréttir frá alþjóðastjórn. Frá GLT leiðtoga- og fræðsluteyminu fengum við stutta umfjöllun um Lion Portal og sömuleiðis kynningu á námskeiðum sem haldin verða nú í september, bæði norðan heiða og sunnan. Sjá nánar á viðburðadagatalinu á heimasíðu Lions.

GST verkefnateymið kynnti stóru sameiginlegu verkefnið okkar á þessu hausti. Sjá nánar í grein frá GST stjóra hér í blaðinu. GMT félaga- og GET útbreiðsluteymin eru að undirbúa kynningarfundum sem haldnir verða í báðum umdæmum á þessu starfsári.

Í erindi frá markaðs- og kynningarteyminu kom m.a. fram, að í samstarfi við auglýsingastofuna ENN EMM væru Lions- „auglýsingar“ að fara í birtingu á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram. Átakið er þegar hafið og þáttur okkar Lionsfélaganna er að „líka við“ og DEILA þessum myndum.

LCIF-Alþjóðahjálparsjóðsteymið þakkaði þeim klúbbum og einstaklingum sem gáfu til sjóðsins okkar á liðnu starfsári og hvatti okkur öll til að gera enn betur í ár.

Í hópavinnu var rætt um Lionsblaðið, LCIF, verkefni, heimasíðuna og Lions Mál., Lionsbúðina og kynningarbása á Lionsþinginu í Ólafsvík. Margar hugmyndir komu fram.

Í lok fundarins kynnti Úlfur Atlason, formaður, nýstofnaðan netklúbb sem ber nafnið Lionsklúbburinn.is Stofnun klúbbsins er mikið ánægjuefni og spennandi að sjá klúbbinn vaxa og dafna.

Samstarf Lionsfjölumdæmanna á Norðurlöndunum, NSR;

Fjölumdæmisstjórar á Norðurlöndunum hittast á netfundum að jafnaði einu sinni í mánuði en seinni partinn í september verður þó staðfundur haldinn í Danmörku. Við Anna Blöndal, varafjölumdæmisstjóri og Þorkell Cýrusson, OC -ráðgjafi fyrir Ísland í Norræna samstarfinu, munum sækja fundinn. Á dagskrá er m.a. undirbúningur fyrir NSR þingið, sem haldið verður í Danmörku þriðju helgina í janúar.

Evrópuþing Lions 2024;

Evrópuþing Lions verður haldið í Bordeaux í Frakklandi, 23. – 27. október. Fjölumdæmisstjóri og ungmennaskiptastjóri sitja þingið fyrir hönd Fjölumdæmisins.

Rauð fjöður, landssöfnun 3. – 6. apríl 2025;

Sala Rauðu fjaðrarinnar fer fram dagana 3. – 6. apríl 2025. Undirbúningur er hafinn í samstarfi

við Píeta samtökin undir stjórn Baldurs Inga Karlssonar, fráfariandi umdæmisstjóra. Ég bið allrar klúbbsstjórnir að gera ráð fyrir þátttöku í þessu mikilvæga verkefni í starfsáætlun vetrarins.

Við leggjum lið - sterkari saman eru einkunnarorð mín sem fjölumdæmisstjóri.

Við náum betri árangri ef við vinnum saman – en samstarf verður ekki til af sjálfu sér. Við

verðum að tala saman, deila verkefnum, virða skoðanir og störf annarra. Uppskeyra svo saman og gleðjast.

*Með kveðju,
Geirþrúður Fanney Bogadóttir*

Ræða flutt á fundi fjölumdæmis 31. ágúst 2024

Halldór Kristjánsson,

alþjóðastjórnarmaður, 2023-2025



Alþjóðastjórnarmenn í LCI eru 35 þar af höfum við á Norðurlöndunum ýmist 1 eða 2. Þetta ár er ég eini alþjóðastjórnarmaðurinn á Norðurlöndunum sem er skemmtileg áskorun.

Alþjóðaforseti

Alþjóðaforseti okkar núna er Fabricio Oliveira frá Catolé do Rocha í Brasilíu. Þema hans er Við leggjum lið, We serve. Skilaboð hans til Lionsfélaga eru „Make your Mark“, „Settu mark þitt...“

Með því vill hann leggja áherslu á að í hvert sinn sem við leggjum lið þá erum við að setja mark okkar á samfélagið. Hverju sinni sem við komum með nýjan félag inn í klúbbin, þá erum við að setja mark okkar á framtíð verkefna okkar. Hvenær sem við gerum eitthvað jákvætt fyrir þann sem þarf þess þá setjum við mark okkar á viðkomandi sem aldrei verður gleymt.

Frá alþjóðastjórn

Á þessu ári héldum við alþjóðastjórnarmenn fund á alþjóðáþinginu í Melbourne sem í raun var síðasti fundur starfsársins en stjórnin ákvað þó mörg atriði sem gilda inn í framtíðina og skipta okkur máli. Ég drep nú á þeim helstu

en bendi ykkur á Board Policy Manual þar sem allar breytingar koma fram sem gerðar hafa verið.

Fyrst er að nefna að við í Leiðtoga-þróunarnefndinni (Leadership Development Committee), þar sem ég er formaður núna, samþykktum fræðsluefni fyrir námskeið verðandi umdæmisstjóra og samþykktum hverjir ættu að kenna það á starfsárinu 2024-2025.

Einnig samþykktum við fræðsluefni, og kennara, fyrir nýtt námskeið sem ætlað er 2. varaumdæmisstjórum og á að byrja á netinu nú í haust. Samhliða netnáminu eigum við í GLT teyminu að sjá um námskeið fyrir þá hér á landi sem á að vera lokið fyrir áramót. Þetta er nokkur áskorun í viðbót við annað þar sem við Jón Pálmason þurfum að þýða glærur og námsefni fyrir námskeiðin hérna heima og halda þau.

Þá var tillaga um breytta skipan alþjóðastjórnarmanna frá og með þinginu í Mexíkó árið 2025. Þannig á að fækka um 3 á stjórnskipunarumdæmi I og færa einn í stjórnskipunarumdæmi III og tvo í stjórnskipunarumdæmi VI. Er þetta undafari meiri breytinga á fjölda alþjóðastjórnarmanna sem reynt verður að koma fram síðar.

Þá voru samþykktar reglur fyrir „Club and District Five-Star Excellence award“ en þær eru þessar:

1. Nettó fjölgun um 2 féлага eða 10% fleiri féлага hvort sem er hærra, eða stofna nýjan klúbb.
2. Byrja nýtt verkefni og gefa skýrslu um 3 verkefni til LCI.
3. Leggja framlag til LCIF sem er 10\$ á alla skráða féлага í klúbbum.
4. Klúbburinn þarf að vera í góðri stöðu, ekki vera með stöðu Status Quo eða Financial Suspension, stjórn þarf að tilkynna til LCI og lykilstjórnendur þurfa að hafa tekið þátt í námskeiði fyrir klúbbsstjórnendur.
5. Klúbburinn þarf að hafa birt frétt um verkefni í staðarmiðlum eða samfélagsmiðlum. Þá voru settar reglur um að umdæmisstjórar

verða að sækja eitt Misson 1.5 námskeið í þeirra eigin stjórnskipunarumdæmi.

Fundir í alþjóðastjórn

Þetta er aðeins brot af því sem fram kom á fundunum en það sem snertir okkur mest. Varðandi starf mitt framundan þá er tveggja vikna formlegur fundur í alþjóðastjórn í Natal í Brasilíu nú í október og aftur slíkur einnar viku formlegur fundur í mars 2025 í Oak Brook, í aðalstöðvum Lions. Það er skemmtilegt nýmæli að hafa fundina í Oak Brook og sem sparar mikið fé þar sem ekki þarf að senda fjölda starfsmanna til fjarlægs lands á fund með tilheyrandi kostnaði. Lokafundurinn er svo á alþjóðáþinginu í Mexico City en þá lýkur stjórnarsetu minni hjá Lions.

Breytingar á námskeiðum

Þessir þrjú fundir eru aðalfundir alþjóðastjórnarmanna en það þýðir alls ekki að við séum í tómagangi fram að þessum fundum, og milli þeirra, heldur erum við á netfundum mánaðarlega eða oftar og er ég búinn að sitja einn slíka fund í ágúst og annar er eftir helgi.

Þar erum við t.d. að fjalla um námskeiðin RLLI og ELLI sem þarf að fara að uppfæra og bæta og má búast við nýjum námsgögnum í upphafi næsta starfsárs, júlí 2025. Taka þarf að einhverju leyti tillit til þess að verið er að kenna sambærilegt efni á báðum námskeiðum en einnig er vilji til að bæta við einingum á RLLI líkt og við höfum gert hér á landi. Ég hef lagt til að skoðað verði með einhverjum hætti að fjalla um málefni eins og Mission 1.5 og Lions Portal án þess að það verði þó til skemmri tíma.

Mission 1.5

Núverandi alþjóðaforseti leggur mikla áherslu á Mission 1.5 og markmið þess sem er að fjölga félögum til að geta aukið þau verkefni sem við vinnum fyrir samfélagið. Gert er ráð fyrir að átakinu ljúki 1. júlí 2027 en líklegt er að eitthvað nýtt taki við þegar því lýkur. Hann leggur áherslu á að við fjölgum hvert um sig um einn

félaga og hann skorar á öll umdæmi að bæta við 10 nýjum klúbbum og þar lítur hann til svæðisstjórnanna um aðstoð. Háleit markmið sem við eigum að taka þátt í þó að markmiðin verði kannski ekki eins háleit og hjá honum.

Helstu kostirnir við Mission 1.5 eru að þegar klúbbar og umdæmi vaxa þá hefur það áhrif víða. Við aukum verkefni sem við getum verið með, aukum tækifæri fyrir fjölbreyttara samfélagi sem hefur áhrif víða.

Við leggjum lið

Að leggja lið er markmið okkar. Við bætum heilsu og heilbrigði, styrkjum samfélög og styðjum þá sem þessa þurfa með mann-úðarþjónustu. Með því að fjölga félögum okkar þá aukum við þau verkefni sem við getum unnið með hjálp þeirra. Með auknum verkefnum þá eykst sýnileiki okkar og mikilvægi sem aftur dregur nýja félagi til liðs við okkar.

LCIF

LCIF er okkar sjóður sem gerir okkur kleift að vinna verkefni erlendis og heima. Frá stofnun hefur sjóðurinn úthlutað meira en 20.000 styrkjum sem samtals nema 178 milljörðum íslenskra króna, eða 1,3 milljörðum dollara.

Það er sama hvert framlagið er, allt kemur að notum við að hjálpa fólki sem þarf mest á okkur að halda. Leggðu fram þitt framlag í sjóðinn okkar, LCIF.

Lion Portal

Lion Portal hefur nú verið í gangi í nokkurn tíma og enn er verið að laga og bæta við kerfið. Ef þið lendið í vandræðum eða skiljið ekki eitthvað hafið þá samband við skrifstofuna hér eða í Oak Brook. Menn eru allir af vilja gerðir til að gera kerfið sem notendavænt og þægi-legast.

Kerfið sameinar MyLion og MyLCI auk þess sem Insight veitir alls konar tölfræðilegar

upplýsingar um Lionsstarfið sem við þurfum á að halda. Að auki veitir Lion Portal aðgang að ýmsum aukaverfærum sem öll koma okkur að notum með einhverjum hætti.

Alþjóðþing í Mexíkó

Næsta alþjóðþing verður í Mexico borg 4. – 8. júlí 2025 næstkomandi og vil ég hvetja sem flesta að fara þangað. Það er margt að gerast á alþjóðþingum og sérstakt að taka þátt í þeim mörgu atburðum sem fram fara á þinginu. Þá má ekki gleyma öllum þeim Lions vinum sem maður hittir á þingum, bæði nýja og gamla.



Spennandi tímar framundan

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Haustið er komið og starf klúbbana að fara í gang. Það hafa verið stíf fundarhöld á sumar hjá okkur Geirþrúði og Ingu Lóu í sumar og er verið að gera áætlun um kynningafundi um allt land. Tilgangurinn er að hlúa að klúbbunum okkar sem sumir hverjir eru að takast á við erfið verkefni.

Þegar við bjóðum nýjum meðlimum í klúbbana okkar og byggjum upp nýja líflega klúbba gerir það meira en að gera samfélög okkar sterkari. Það gerir heiminn að betri, heilbrigðari og betri stað til að búa á. Hvar náum við í nýja félagi, alstaðar, berum lionsmerkið alltaf og „Ask one“ þ.e. bjóðum einum í hverri viku til að ganga í Lion, þannig náum við árangri

Ég er innblásinn af þeirri orku og því þrótt mikla starfi sem lionsfélagar vinna. Það er stórkostlegt að sjá hversu mörg mikilvæg verkefni Lions klúbbarnir eru að takast á við, og ég er sannfærður um að saman getum við gert heiminn að betri stað, eina persónu í einu, einn stað í einu.

Eitt er mikilvægt, markaðs- og kynningarmál en það hefur ekki verið í forgangi hjá mörgum klúbbum að sýna hvað við höfum verið að gera. Við þurfum að koma verkefnum okkar í fjölmiðla með einum eða öðrum hætti, hvort sem er í bjarþblöð eða FB en allt slíkt er góð auglýsing. Verum sýnileg og berum merki Lion alltaf.

Leiðtogaskólinn er mikilvægur póstur í starfsemi Lions á Íslandi og það er okkar skylda

að koma þeirri hvatningu til félagsmanna í gegnum stjórnirnar hve mikilvægt er að taka leiðtogaskólann og í ykkar örfáu en þó nokkuð góðu frístundum líti á námsetrið hjá Lion International, það má finna hlekk undir lionsmál á fésbók.

LCI vinnur eftir úthugsuðu kerfi og við erum hluti af þessu kerfi. Í dag eru hnökrar í kerfinu vegna þess hve erfitt er að manna stöður og því þurfa formenn að brýna fyrir félögum lionsklúbba mikilvægi Leiðtoga-skólans. Formenn þekkja sitt fólk best og vita hverjir munu hafa úthald og áhuga á embættisstöfum sem þarf að manna til að kerfið virki.

Mission 1,5 er mikilvægt verkefni þar þurfum við að spýta í lófana til að fjölga í Lion á Íslandi og er það stærsta verkefnið okkar næstu tvö árin.

„Ein getum við gert svo lítið; saman getum við gert margt.“ Þess vegna þarf allar hendur á dekk verkefnið eru ærin og það verður bara skemmtilegt að takast á við þau með góðu fólki. Ég hlakka til að eiga samstarf við ykkur öll og læra af ykkar reynslu.



Hvað er innblástur og hvar get ég fundið hann?

Inga Lóa Steinarsdóttir,,
 Umdæmisstjóri 109 A



Ein af skilgreiningum þessa hugtaks er að innblástur færir okkur sýn og trú á nýjum möguleikum sem færir okkur framúr okkar núverandi reynslu og takmörkunum. Getur einnig breytt ómöguleikanum yfir í möguleika og breytt skoðun okkar á hvernig við metum og skynjum okkar eigin getu. En hvar finnum við hann?

Að fara á alþjóðþingið í sumar sem var haldið í Melbourne, Ástralíu var ekki bara gaman heldur mjög fróðlegt, áhugavert, erfitt en umfram fullt af innblæstri. Að fá að umgangast, fylgjast með, heyra sögur, spjalla við lionsfélaga og upplifa Lions á heimsvísu er ótrúlegt. Þó svo að Ísland sé „stórasta“ land í heimi þá erum við bara smá partur af alheimshreyfingu sem sinnir ótrúlegu starfi sem maður getur ekki annað en verið stoltur að vera partur af. Mikið var gert til þess að félagar fengu sem bestu upplifunina. Allskonar skemmtanir, fyrirlestrar, tónleikar sem og önnur hefðbundin þingstörf. Ég smellti mér á fyrirlestranna með Chris Hadfield, Alexandra Cousteau og Marita Cheng. Og ég varð

agndofa! Ég gleypiti hvert orð og hverja setningu sem kom frá þeim. Mig langar að deila smávegis af sögu þessa ótrúlegu einstaklinga.

Chris Hadfield er kanadískur geimfari og verkfræðingur. Hann hafi farið mörgum sinnum út í geim, hjálpað að byggja geimskutlur og geimstöðvar sem gerir hann að sérfræðingi á sínu svið. En hann varð ekki heimsfrægur fyrr en að hann fór að taka myndir af jörðinni frá geimnum. Hann deildi myndunum á samfélagsmiðlum þegar hann stjórnaði Alþjóðlegu geimstöðinni (ISS). Hann deildi upplifun sinni á að vera út í geimnum á samfélagsmiðlum sem vakti gífurlegan áhuga og meira segja sendi fólk honum beiðnir í tölvupósti um að taka myndir úr geimstöðinni af heimili sínu, sem hann gerði eftir bestu getu. Hann hafði tekið með sér gítarinn og bjó til tónlistarmyndband sem hann deildi á Youtube og uppskar áhorf í milljóna vís, ekki besti söngvarinn en hann náði til allra með að þora að deila af sjálfum sér. Hann þakkaði samfélagsmiðlum og tækninni að þó svo að hann hafi verið út í geimnum í 6 mánuði þá missti hann aldrei tengslin við jörðina sem og fjölskyldu sína. Hann ráðlagði að ef fólk vill koma skilaboðum á framfæri þá væri samfélagsmiðlar staðurinn og um að gera hafa gaman, fara út fyrir kassann og þá mun árangurinn ekki láta á sér sjá.

Næst á svið var 35 ára frumkvöðull frá Ástralíu, Marita Cheng, verkfræðingur. Þegar hún byrjaði að læra verkfræði 16 ára gömul var hún eina stelpa í náminu en allt hitt strákar. Aldrei komu fleiri stelpur á meðan náminu stóð og henni fannst það ekki rétt. Hún stofnaði því fyrirtækið Robogals til að vekja áhuga stúlkna á verkfræði. Hún fór að heimsækja skóla innan Ástralíu til að vekja áhuga og kenna stelpum iðnstýringar (Robotics). Hún stofnaði Aipoly sem er app sem hjálpar blindum einstaklingum að þekkja

hluti með gsm símanum. Einnig hannaði hún og framleiðir Aubot sem er vélmenni sem hún hefur sent út um alla Ástralíu. Þessi unga kona er sérfræðingur í gervigreind og Stem menntun. Ekki er annað hægt að segja en hér er ungur frumkvöðull á ferð sem hefur heldur betur komið konum á framfæri í heimi verkfræði. Í dag er að meðaltali kynjahlutföllin jöfn í verkfræðinámi í Ástralíu.

Þá var komið að því sem ég hafði beðið eftir en það var Alexandra Cousteau sem er barnabarn Philippe Cousteau, franska landkönnuðarins sem við mörg könnumst við af RÚV í gamla daga. Ég man eftir að sitja límd við sjónvarpið á laugardögum að hlusta og horfa á afa hennar að kynna lífríkið í sjónum. Hún er þriðja kynslóð af Costeau fjölskyldunni sem kannar og útskýrir náttúruna fyrir heiminum. Hún stofnaði Earth Echo International með bróður sínum til að viðhalda arfleidd fjölskyldu sinnar í vísindum, hagsmunagæslu náttúrunnar og menntun. Hún sérhæfir sig í verndarmálum sjávar eins og afi sinn. Hún hefur þann sama einstaka hæfileika og afi sinn að veita innblástur á verndun og sjálfbærrar stjórnun vatns til að varðveita plánetuna okkar með gullfallegum myndum og vídeóum. Um leið og hún byrjaði að tala dróg hún mann inn heim náttúrunnar og náðu hún mér alveg hvernig hún setti fram að við höfum öll okkar hlutverk að leika til að vernda heilbrigði jarðarinnar.

Þau öll eru mögnuð á sínu sviði og voru þetta forréttindi að fá að hlusta á þau. Get ekki annað en sagt takk Lions fyrir að bjóða uppá þessa upplifun. Ég vona að þessi eldmóður sem ég upplifði á þessari stundu nái ég að setja í starfið mitt í vetur. Það er svo sannarlega rétt að menntun er máttur og innblástur er að finna hvar sem er, hjá hverjum sem er og í hverju sem er.



Umdæmisstjóri 109 B

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Það var í júní sem ég lagði af stað alla leið hinu megin á hnöttinn, nánar tiltekið til Melbourne í Ástralíu en þar var Heimsping Lion haldið. Það má segja að heimspingið sé loka hnykkurinn á umdæmisstjóra fræðslunni. Það er mögnuð upplifun að vera í sal með rúmlega 700 verðandi umdæmisstjórum og nokkur þúsund þingfulltrúum þegar við Inga Lóa Steinarsdóttir vorum sett í embætti og ekki auðvelt að lýsa þeirri reynslu. Þetta var risastór athöfn og öll umgjörð vönduð. Þegar Fabrício Oliveira var settur í embætti sem alþjóðaforsætli var greinilega farið eftir hefðum, venjum og föstu skipulagi. Við athöfnina voru 700 umdæmisstjórar, 11000 þátttakendur, og makar þeirra sem gerir samtals um 22 000 manns. Það er mikil upplifun að fara á þing hvað þá svona stórt þing. Það tók töluverðan tíma að ganga á milli fundarsala því hótelið er í raun þrjú hótél í einum klasa sem spannaði nokkrar götur og allt var innangengt með löngum breiðum göngum með mathöllum, veitingastöðum, verslunum og spilavítum.

Skrúðganga þjóðanna er upplifun sem gleymist seint. <https://www.youtube.com> (**Lions International Parade of Nations in Melbourne**). Þarna voru fulltrúar 158 þjóða og koma Íslendingar þar fram með hinum Norðurlandþjóðunum. Björg Bára NSR – Coordinator skipulagði gönguna fyrir Norðurlandþjóðirnar og heppnaðist það vel enda stýrði Bára göngunni af mikilli röggsemi. Bára sá líka um skipulagningu á Skandinavíska boðinu en það heppnaðist frábærlega vel og gerðu gestir okkar góðan róm að boðinu. Mér var falið að setja upp myndasýningu með 20 myndum frá hverju Norðurlandanna og gekk sýningin á skjá í veislusalnum. NSR samstarfið er sterkt og góður grundvöllur fyrir Norðurlöndin að láta gott af sér leiða á heimsvísu.

Ekki er hægt að skauta fram hjá liði maka í svona ferð, það þurfti að rokast með fána og stangir, lionsborða og skreyta salinn fyrir boðið en þá eru allar hendur á dekki. „Meet and Greet“ var ekki minna nauðsynlegt, þ.e. taka á móti gestum við innganginn og heilsa þeim og bjóða þá velkomna. Við Hrafnhildur tókum þjóðbúningana okkar („Gallana“) með í handfarangri og misstum þá aldrei úr augu. Allir þeir sem voru í þjóðbúningum sinna landa, vöktu óskipta athygli, bæði í skrudgöngunni og í Skandinavíska boðinu. Það minnir okkur á að allir þeir sem eiga eða hafa aðgang að búningi ættu alltaf að klæðast þeim á svona viðburðum.

Guðrún Björt var sem PIP - fyrrverandi alþjóðaforsætli og sópaðist alltaf að henni fólk til að tala við hana og fá myndir teknar af sér með fyrrverandi forseta og er Guðrún Björt óþreytandi að sinna öllum sem koma að máli við hana.

Fabrício Oliveira alþjóðaforsætli kom í Skandinavíska boðið og hélt stutt ávarp. Þemað hjá honum er „Make your Mark“ Markaðu þín spor – Settu mark þitt, fjölgun klúbba og félaga í gegnum Mission 1,5.

Þarna voru fyrirlesarar í heimsklassa með námskeið í öllu sem Lion viðkemur. Lion Portal kom sterkt inn á þessu þingi.

Geirþrúður fjölumæmisstjóri og við Inga Lóa skiptum með okkur verkum á hvaða fyrirlestra og kynningar við myndum sækja þannig að við sæjum sem mest en einnig fór ég á fræðslu í notkun samfélagmiðla og þá eiga LCIF kynningar alltaf sinn sess.

Það er 35 tíma ferðalag frá Íslandi til Melbourne í Ástralíu. Fyrstu leggirnir eru ekkert mál, þrjár tímar til Keflavíkur að heiman, svo þrjár tímar til London og svo nokkurra klukkustunda stöpp þar. Síðan tók við tíu tíma

flug til Kuala Lumpur og stöpp þar. Þá var komið að síðasta leggnum sem var átta og hálfur tími til Melbourne. Ég var kominn snemma dags og fór að ná í þinggögn og ná áttum í Ráðstefnuhöllinni sem er gímald sem tekur 12000 manns í sæti án þess að blikna. Það tekur dálítið á að halda haus eftir 35 tíma ferðalag en þetta ferðalag var alveg þess virði því þetta rosalegt ævintýri og mér finnst að það ættu allir að prófa þetta.

Þessi vegferð hófst með saklausu, „já“ þar sem ég hafði ákveðið að segja alltaf já þegar Lions óskaði eftir kröftum mínum. Ég hef verið formaður tvisvar og svæðisstjóri tvisvar. Covid fór að vísu ekki vel með þau starfsár en ég græddi mjög mikið á þeirri reynslu og er það ekki síst að þakka Önnu Blöndal umdæmisstjóra en árið sem ég var svæðisstjóri sem var Anna óþreytandi að svara símtölum mínum og svara öllu sem ég vissi ekki um Lions. Anna er mögnuð lionskona og vinur, Síðan hringdi Baldur Ingi Karsson í mig og bauð mér að verða annar varaumdæmisstjóri þá kom jáið sem sendi mig í þessa vegferð sem setti mig niður á endanum í Melbourne Ástralíu.

Það eru forréttindi að fá alla þessa menntun á heimsmælikvarða hjá LCI sem okkur umdæmisstjórunum er lögð til. Þess vegna hvet ég ykkur til að segja JÁ út fyrir klúbbinn ykkar því það gæti leitt ykkur á vit ævintýrana. Þið gætuð eignast vini frá hinum ýmsu löndum í heiminum og tala hin furdulegustu tungumál. Þá er ég sérstaklega að hugsa um vin minn Ian frá Liverpool, sem ég kynntist í umdæmisstjóranáminu í Chicago, þar má ég hafa mig allan við að skilja enskuna hans og í vinahópinn hafa bæst Hollendingar, Írar, einn Belgi og allt er þetta fólk á þessari sömu vegferð, að láta gott af sér leiða.

Segðu já, þú gætir lent í ævintýri lífs þíns.

Skjól: Gistiheimili fyrir fjölskyldur barna í Lagos

Höf: Shelby Washington



Federal Medical Center (FMC) Landsjúkrahús Nígeríu í Lagos er eitt af fremstu sjúkrahúsum Nígeríu í meðhöndlun krabbameins í börnum. Margir foreldrar og umönnunaraðilar ferðast víðsvegar að úr Nígeríu til að leita sér meðferðar þar.

Fyrirverandi umdæmisstjóri (PDG) Kema Benedicta Ashibuogwu segir, „Mörg börn sem greinast með krabbamein koma utan Lagos og eiga ekki ættingja eða vini til að vera hjá meðan á greiningu og meðferð stendur. Oft, jafnvel þegar krabbamein er greint og hægt er að gera aðgerð til að bjarga barni, hætta foreldrar eða umönnunaraðilar við meðferð og yfirgefa sjúkrahúsið vegna aðstöðuleysis, eins og að hafa engan samastað og dvelja á og dvelja því stundum á bílastæðum eða á göngum sjúkrahúsa dögum saman án hreinlætis- eða hvíldaraðstöðu.“

Þessar erfiðu aðstæður leiða til ótímabærs dauða barna með krabbamein sem hægt væri að meðhöndla og lækna: Í heimsókn Lions spurði Ashibuogwu umdæmisstjóri um brýnustu þörf barnanna og fjölskyldna þeirra. Prófessor Edamisan O. Temiye við barnalækningadeild læknaháskólans í Lagos nefndi brýna þörf fyrir heimili fyrir aðstandendur og umönnunaraðila. Þessi aðstaða myndi lækka dánartíðni, tryggja viðeigandi umönnun fyrir börnin og bjóða umönnunaraðilum þeirra öruggan stað að dvelja á.

PDG Ashibuogwu, umsjónaraðili verkefnisstyrksins, var hissa á því að svo einföld íhlutun gæti skipt svo miklu máli. Eftir þessa heimsókn ákváðu Lionsmenn í umdæmi 404B1 að þeir gætu mögulega lækkað dánartíðni barna með krabbamein því að veita styrk til að mæta þessari þörf. Þau fengu 147.038 Bandaríkjadala styrk frá Alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF) til að reisa aðstöðu fyrir aðstandendur með 22 herbergjum

með sérbaðherbergi, sem tryggir þægilega dvöl fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. PDG Ashibuogwu segir: „Von mín er sú að mörg börn með krabbamein lifi af vegna stöðugrar meðferðar og fjölskyldur þeirra finni endurnýjaða von fyrir framtíðina.“

Þessi bygging, byggð við hliðina á nýbyggðri krabbameinslyfjameðferðarbyggingu, er 22 herbergja, hvert með tveimur rúnum, baðherbergi og eldhúsi, sem veitir þægilegt umhverfi fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Einnig er leikherbergi fyrir börn á staðnum. Þessi aðstaða er sú fyrsta sinnar tegundar á svæðinu og mun gagnast samfélaginu með því að þjóna um það bil 180 manns á mánuði, þar á meðal sjúklingum, fjölskyldum, vinum og kennurum.

„Stofnun umönnunarheimilisins í FMC hefur hlotið mikið lof og margir hafa lýst þakklæti sínu til LCIF fyrir þann mikla stuðning og aðstoð sem það mun veita fjölskyldum og börnum sem eru í meðferð,“ segir PDG Ashibuogwu.

Þetta er lýsandi dæmi um hvernig aðkoma Lions og styrkir frá Alþjóðahjálparsjóði Lions geta breytt lífsgæðum fólks þar sem þörfin er brýn. Á meðan Lions félagar halda áfram að starfa af mannúð mun LCIF styðja verkefni þeirra með styrkjum og fjölga þeim sem njóta góðs af starfi Lions um allan heim.

Frekari upplýsingar um hvernig LCIF leggur lið í baráttunni við krabbamein í börnum. lcif.org/childhoodcancer.

Þýðing: Anna Blöndal



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Fréttir frá GST teyminu

Sigríð Andradóttir,

Verkefnastjóri (GST)



Komið sæl ágætu lionsfélagar, nú er komið nýtt starfsár með nýjum og gömlum verkefnum en mér hefur verið falið af Geirþrúði Fanney Bogadóttur fjölmæmisstjóra ásamt Stellu Hrönn Jóhannesdóttur verkefnafulltrúa (GST) A-umdæmisins og Önnu Kristínu Gunnlaugsdóttur verkefnafulltrúa (GST) B umdæmisins að halda utan um þann málaflokk.



Friðarveggspjaldakeppnin – ágúst-nóvember

Ég ræddi við Önnu Kristínu Gunnlaugsdóttur verkefnafulltrúa í B-umdæminu en hún hefur ásamt Hrund Hjaltadóttur og Margréti Jónsdóttur Lkl. Fold staðið vaktina fyrir þetta verkefni undanfarin ár.

Skv. upplýsingum frá henni var skv. venju sent út bréf til skólastjóra í vor og aftur nú í haust til að ítreka verkefnið. Það hefur lítið verið um svör enn þá en það hefur svo sem verið það áður svo hún vonar það besta. Síðasti skiladagur til okkar er 15. nóvember.

Einnig er búið að senda út bréf með áminningu á allar klúbbstjórnir á landinu með að kynna þetta verkefni fyrir skólans í nærumhverfinu. Enda er þetta verkefni eitt af þeim sem væri gott að nota til að virkja klúbba á landinu að hafa samband við sína skóla, ýta á og kynna betur sem væri um leið góð auglýsing fyrir Lions.

Pema starfsársins 2024-2025 er :
FRÍÐUR ÁN TAKMARKA



Birkifræjasöfnun – september-október.

Skv. upplýsingum frá Dagný Finnsdóttur Umhverfisstjóra þá er hún búin að vera í sambandi við Kristinn H. Þorsteinsson verkefnastjóra birkifræssöfnunarinnar hjá Landvernd.

Þau ræddu saman fyrir hálfum mánuði og þar kom fram að birkifræ kæmu vel út á landinu þetta árið samkvæmt könnun sem þau hafa gert.

Hún sendi honum póst og ítrekaði málið við hann, fékk svar, en litlar upplýsingar, þar sem verið er enn að vinna að þeim en vonast eftir frekari upplýsingum fljótlega.

Kristinn telur ekki rétt að byrja á söfnun fyrir en um eða eftir miðjan sept.

Við eigum eftir að fá upplýsingar hvort við fáum öskjur eða poka.

Hann hvetur Lions til að taka þátt! Hann og þau hjá Landvernd eru þakklát fyrir það hversu vel Lions hefur stutt þetta verkefni síðustu árin, eins og fyrir það sem safnaðist frá klúbbum síðustu tvö árin þar sem minna var um fræ, sérlega hér sunnanlands.

Eins og hann segir í tölvupósti til Dagnýjar: Hér kemur smá lesefni og skýrslan frá fyrra ári.

Ég veit að LIONS hefur verið að safna en það virðist vera mikið leyndarmál því ég hef fengið mjög takmarkaðar upplýsingar um hvar eða hversu mikið félagið hefur lagt af mörkum. Hef fregnir frá góðum degi í Eyjafirði 2022 en ekkert meir. Þetta er mjög slæmt og þarf að laga því það er full ástæða að fólk viti um það sem vel er gert.

kv. Kristinn

Lionslógóið verður notað, Dagný ítrekaði það með góðri undirtekt. Það er því best að biða aðeins með að auglýsa ákveðinn tíma.

Heilbrigðisverkefni - upplýsingar frá Jóni Bjarna, heilbrigðisstjóra



Sjónvernd – október

Þá hafa Lionsfélagar gjarnan stutt við sjónverndarverkefni og staðið fyrir fræðslu um augnsjúkdóma og blindu.

Að þessu sinni bjóðum við upp á fræðslu-erindi í samvinnu við Blindrafélagið fimmtudaginn 31. október kl. 16:00-17:30 í húsi Blindrafélagsins Hamrahlíð 17.

Prófessor Einar Stefánsson augnlæknir og frumkvöðull kynnrir nýjungar á sviði augnlækninga.

Nánari kynning þegar nær dregur.



Sykursýki – nóvember

Alþjóðlegi sykursýkisdagurinn er 14. nóvember.

Lionsklúbbar eru hvattir til að bjóða upp á blóðsykursmælingar í NÓVEMBER.

Nánari upplýsingar verða sendar síðar, m.a. fróðleikur um þennan dulda sjúkdóm: hvar er hægt að fá mæla og strimla; eyðublöð til að skrá niðurstöður; og auglýsingaefni sem hægt er að nota til að kynna verkefnið.



Gleraugnasöfnun – allt starfsárið

Gleraugnasöfnun er eitt af þeim verkefnum sem við höfum unnið að með hléum undanfarin ár.

Söfnun á gleraugnum hefur alltaf gengið vel, svo vel að við höfum lent í vandræðum með geymslustaði fyrir kassana (60 kassar síðast) stútfulla af gleraugum. Enda var þetta uppsafnaður vandi frá 2021.

Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úa sáu um að telja, flokka og pakka inn gleraugnum frá síðustu söfnun sem send voru til Danmerkur fyrir ári síðan, Lkl. Hængur gekk frá þeim sem söfnuðust á Norðurlandinu og Bragi Ragnarsson og Jóhanna Thorsteinsson sáu um rest og komu þeim í skip og kunnum við þeim okkar bestu þakkar fyrir það.

Við borguðum tæp 180.000 fyrir að flytja út gleraugun á síðasta ári og tel ég það ekki mikla upphæð því eins og við vitum þá hefur þessi söfnun verið mjög góð auglýsing fyrir Lions á meðan að hún stendur yfir. Við höfum fengið leyfi til að hafa vel merkta söfnunarkassa í verzlunum og víðar á opinberum stöðum og vonandi myndi það halda áfram.

Okkur langar að hafa söfnun þetta starfsárið en í stað þess að safna upp lager af gleraugum þá senda gleraugun út í júní. Það væri kannski hægt að semja við Danina sem hafa tekið við þeim og komið þeim áfram til Afríku að framkvæma það þannig og halda áfram að senda út í júní ár hvert. Ekki safna upp.

Ég er búin að hafa samband við tengiliðina sem Kolfinna og Kristófer notuðu á síðasta ári en þar sem sá sem allt veit og ræður mestu er í sumarfrí til 9. september á ég ekki von á að fréttu neitt fyrir en þá.

Vonandi fáum við góðar fréttir úr Danaveldi og ef þeir taka jákvætt í þetta fyrirkomulag þá verður það auglýst síðar.

Passaðu upp á klúbbinn þinn, áður en það verður of seint

Jón Pálmason,

GMT félagastjóri



Góðir félagar. Það sem gerir Lionsstarfið skemmtilegt er að vinna saman að góðum mállefnum, bæði líknamálum innanlands og utanlands. Einnig að vinna saman að því að styrkja og bæta klúbbinn þinn.

Skemmtilegt dæmi, er verkefni Lkl. Dynks í Árnassýslu, að slá kirkjugarða í sveitinni þeirra. Verkefnið tekur rúman klukkutíma og síðan setjast þeir niður og gleðjast yfir árangrinum yfir kaffibolla og meðlæti. Það að vinna svona verkefni er ótrúlega mikilvægt til að líma hópinn saman.

Það er einnig vitað mál að til þess að viðhalda hópi féлага sem getur slegið gardinn, þá þarf að gæta þess að inn í félagsskapinn komi vinnufærir félagar. Það hafa þeir félagar í Dynk gert með því að láta umhverfi sitt vita að það sé gaman hjá þeim. Þetta er ekki sjálfgefið og margir klúbbar lenda í því að gá ekki að sér og þeir eru allt í einu orðnir gamlir, ráða ekki við verkefni og vilja jafnvel ekki taka þátt í að uppfæra klúbbinn þrátt fyrir að inn í hópinn bætist einhverjir nýir félagar. Þegar svo er komið ættu klúbbarnir að leita aðstoðar, til dæmis hjá nágrannaklúbbi eða svæðisstjóra.

Leitið aðstoðar áður en of seint er, við höfum verið að missa klúbba að undanförmu, það er ótrúlega sorglegt, mikilvægt að klúbburinn leiti sér aðstoðar áður en allt er komið í óefni áður en allt er orðið vonlaust, til dæmis hjá umdæmisstjóra eða svæðisstjóra. Það er alvarlegt mál þegar þetta gerist og þýðir í raun að stofna þarf nýjan klúbb í stað þess gamla til viðbótar við þá tvo sem áætlað er að stofna.

Leiðin fyrir klúbba út úr þessum vanda er að gera að gera áttak í að afla féлага, svo sem með því að halda kynningarfundum þar sem



félagarnir bjóða vonarfélögum og gera um leið áttak í að opna klúbbinn fyrir breytingu. Breytingarnar geta verið að klúbburinn vinni önnur verkefni en hann hefur gert áður. Áður en klúbbur fer í svona aðgerðir, þurfa klúbbfélagar að ræða þetta vandamál klúbbsins, skoða hvaða lausnir eru og koma sér saman um aðgerðaráætlun. Ef til vill fá aðstoð við að sjá hvaða lausnir eru. Það hefur sýnt sig að heppilegasta leiðin til að fá fólk til að mæta á kynningarfundum er að hver félagi bjóði einum.

Tvö orðaltækni ættu að vera bönnuð í umræðu um breytingar í klúbbi:

- Þetta erum við búin að prófa áður
- Þetta erum við von að gera.

Við sjáum í nýja netklúbbum okkar sem er flest fólk á aldrinum 20-35 ára, að þar er opið lýðræði, allar ákvarðanir eru teknar með leynilegri kosningu. Þau ætla að skipta um verkefni á hverju ári. Þar með fá nýir félagar tækifæri á að hafa áhrif, sem er mikilvægt. Í þessum klúbbi er mjög góð stemming.





Aftur að teymisvinnunni, þá hefur Lionshreyfingin látið undan síga undanfarin ár og til að sporna við fótum þá hefur hreyfingin sett á stað áttak til að fjölga félögum, „**Mission 1.5M**“. Stefnit er að því að fjölga félögum í heiminum í 1,5 milljón féлага. Hlutur okkar á Íslandi er að klúbbarnir fjölgi um 1 féлага nettó á hverju ári, að það bætist við tveir klúbbar í


hvert umdæmi, sem þýðir fjölgun um fjóra klúbba á Íslandi. Þetta gerist ekki nema með samvinnu allra lionsfélaga, teymisvinnu yfirstjórnar og grasrótar. Við þurfum að taka höndum saman og gera þetta verkefni skemmtilegt með góðum anda og teymisvinnu, þannig fáum við féлага með okkur.



September – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma
- Sigríður Guðmundsdóttir





Framlög til alþjóðahjálparsjóðsins 2023-2024 og markmið þessa starfsárs

Góðir félagar senn líður að hausti og starfsárið fer af stað. Við sem skipum Alþjóðahjálparsjóðsteymið-LCIF f.h. Íslensku Lionshreyfingarinnar höfum þegar hafið störf og horfum til komandi starfsárs með tilhlökkun.

Tilgangur Alþjóðahjálparsjóðsins.

- **Tilgangur LCIF er að styðja lionsklúbba, sjálfbodaliða og samstarfsaðila til að bæta heilsu og vellíðan og styrkja samfélög. Styðja við þá sem þurfa á aðstoð að halda með mannúðarstarfi og styrkjum, sem hafa áhrif á líf fólks á heimsvísu og hvetja til friðar og alþjóðlegs skilnings.**

Lionshreyfingin er alþjóðleg hreyfing sem samanstendur af neti lionsklúbba í yfir 200 löndum. Alþjóðahjálparsjóðurinn miðlar fjármunum milli landa og fer eftir ströngu regluverki til þess að hver einasta króna skili sér til hjálparstarfs.

Starfsárið 2023-2024 á Íslandi

Þann 15. ágúst síðastliðinn lágu fyrir lokatölur vegna framlaga síðasta starfsárs:

| Umdæmi | Framlög USDD | Framlög á félag | Þáttaka klúbba |
|--------|--------------|-----------------|----------------|
| 109A | 56.121 | 52 | 79% |
| 109B | 49.719 | 72 | 61% |
| 109 | 113.184 | 64 | 70% |

Framlög íslenskra lionsfélaga eru nokkuð yfir þeim viðmiðum sem að okkur eru sett. Við þökkum það mikilli vinnu undanfarinna ára í kynningu og fræðslu á Alþjóðahjálparsjóðnum. Það er þó þannig að þrátt fyrir að við höfum náð markmiðunum þá eru of margir klúbbar sem að gefa of lítið pr. félag miðað við þau viðmið sem eru til staðar. Sem betur fer eru aðrir sem gefa langt umfram viðmiðin.

Starfsárið litaðist af eldaveilaverkefninu til Úkraínu og vinnu við styrkveitingar til Íslands, en hingað komu styrkir sem nema ca. 80% af framlögum okkar til LCIF.

Starfsárið 2024-2025 á Íslandi

Undanfarin ár hefur teymið lagt áherslu á fræðslu um sjóðinn, með greinaskrifum, bréfum til klúbba og félaga, þátttöku í fundum bæði hjá klúbbum og svæðum. Við höldum því áfram auk þess að hvetja klúbba til að veita Melvin Jones viðurkenningar, upplýsa um inneignir klúbba hjá LCIF auk þess sem bæði umdæmin okkar eiga rétt á samfélagsstyrk.

LCIF og Mission 1,5

Nú er hreyfingin í fjölgunarátaki þar sem markmiðið er að fjölga lionsfélögum í 1,5 milljónir. Við þurfum svo sannarlega að fjölga félögum á Íslandi. Í þeirri vinnu teljum við að það þurfi að kynna Alþjóðahjálparsjóðinn fyrir lionsfélögum og þeim sem hafa hug á að ganga í hreyfinguna. Teymið er tilbúið til að vinna með GAT teyimum umdæmanna til að ná markmiðum hreyfingarinnar um félagafjölgun.

Að lokum

Við lofum öflugu starfi í vetur. Okkur langar að styðja við klúbbana bæði með því að miðla upplýsingum, fréttum og fjármunum til þarfara verkefna. Einnig ef klúbbar hafa góð verkefni og vantar herslumun upp á að láta þau verða að veruleika þá eigum við ýmsa möguleika í gegn um styrkjakerfi LCIF

Með lionskveðju
Anna Fr. Blöndal
Björn Guðmundsson
Geirþrúður F. Bogadóttir



Lions Clubs International
FOUNDATION

Íslenska alþjóðapingsmerkið

Íslenska alþjóðapingsmerkið fyrir árið 2024 er annað merkið í nýrri merkjaröð sem ber nafnið „Landvættir“. Á síðasta ári voru allar landvættir fjórar, saman á merki en á þessu ári er það drekinn (Austurland) sem á sviðið.

Það er Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, grafískur hönnuður og félagi í Lkl. Eik í Garðabæ, sem á heiðurinn af þessari glæsilegu merkjaröð.

Geirþrúður Fanney Bogadóttir



Breiðum út boðskapinn

Kristófer Tómasson ,
útbreiðslustjóri (GET)



Lions er hluti af menningu þjóðarinnar og menningu heimsins. Síðan um miðja síðustu öld hefur þessi öfluga hreyfing verið starfandi hér á landi. Svo sannarlega hefur munað um þau verk sem eru ávextir af störfum lionsklúbba í okkar landi.

Þegar ég segi að um hafi munað, þá á ég við það sem lionsfólk hefur lagt til, annars vegar nærsamfélagsins á hverjum stað, til verkefna á landsvísi og einnig alheimsvísi með framlögum til alþjóða hjálparstöðsins. Hin hliðin á lionsstarfinu og á sinn hátt ekki síður mikilvæg er vinskapur sem gjarnan verður til í lionsstarfinu. Ef horft er til þess hvað sameinar

fólk sem á það sameiginlegt að starfa í Lions er viljinn til að láta gott af sér leiða fyrir samfélag sitt nær og fjær og vilji til að tengjast böndum fólki sem er í svipuðu reiki. Það er þá um að ræða fólk sem er í eðli sínu félagslynt.

Á síðustu misserum hefur því miður heldur fækkað í röðum lionsfólks á Íslandi. Dæmi eru um að klúbbar hafi lagt niður sína starfsemi. Þar kemur margt til, félagar eldast og falla frá. Aðrir telja sig ekki hafa tíma, enn aðrir flytjast búferlum milli svæða eða landa.

Það er oft sagt að það sem fer upp komi aftur niður. Ekki er ástæða til að láta hendur fallast, við ætlum að sækja í okkur veðrið á starfsárinu sem runnið er upp.

Útbreiðsluteymi lionsfólks á Íslandi hefur verið komið á fót. Undirritaður á sæti því fyrir fjöllumdæmið. Ingunn Þormar Kristinsdóttir úr Lionsklúbbum Æsum fyrir A umdæmið og Úlfar Thoroddsen fyrir B umdæmið. Þegar er hafinn undirbúningur að kynningarfundum sem verða haldnir á næstunni. Tilgangur með slíkum fundum er að stofna í framhaldinu nýja lionsklúbba. Því er haldið opnu hvernig þeir verða samsettir, hvort það verða kynjablandaðir klúbbar eða hreinir kvenna- eða karlklúbbar mun ráðast af því hvernig landið liggur. Þar sem fjöldi innflytjenda hefur vaxið mjög að undanförunu, er mjög æskilegt að Lions leggi sig fram um að ná til þeirra.

Eftir miðjan september verður stefnt að kynningarfundum í safnaðarheimili Lindakirkju í Kópavogi og um það leiti einnig í Reykjanesbæ.

Í október standa vonir til þess að halda kynningarfundum í Borgarfirði og á Bíldudal. Útbreiðsluteymið er mjög opið fyrir hugmyndum um stofnun klúbba hvar sem er á landinu. Við yrðum þakklát þeim sem þetta lesa og leggjast í hugarflug sem gæti leitt til þess að gerðar verði tilraunir til stofnunar nýrra klúbba, allar hugmyndir eru vel þegnar. Útbreiðsluteymið mun starfa þétt með félaga-teymi Lions. Þar sem þegar eru starfandi klúbbar sem ganga vel, er eðlilegast að vísa fólki til þeirra sem áhuga kunna að hafa á að koma til liðs við Lions.

Nýr tónn var kveðinn nú á haustdögum þegar stofnaður var netklúbbur. Eða öllu heldur klúbbur sem þegar var til var breytt í netklúbb. Þar eru ungt fólk áberandi og eru þar fleiri sálir velkomnar.

Það er mikið í húfi að Lionshreyfingin hafi aðdráttarafl fyrir nýtt fólk það takist að afla sem flestra nýrra einstaklinga. Ekki er síður mikils um vert að núverandi klúbbfélagar verði áfram starfandi. Verið ófeimin við að spyrja fólk hvort það vilji koma á fund.

Með góðum óskum um árangursríkt starfsár og ánægjulegar samverustundir í lionsstarfinu.

Kristófer Tómasson útbreiðslustjóri (GET) og fyrroverandi fjöllumdæmissjóri. Félagi í Lionsklúbbum Geysi.

Dánarfregnir



Minningargreinar um látna félaga eru birtar á heimasíðu Lions (lions.is) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

*Ólafur Magnússon
Lionsklúbb Njarðvíkur*

*Gísli Sigurðsson
Lionsklúbbum Múla*

*Guðrún Karlsdóttir
Lionsklúbbum Rán Ólafsvík*



Alþjóðarþing Lions í Melbourne 2024

Myndirnar tók Haraldur Árni Haraldsson



Get together.



Skrúðganga.





Hospitality room.



Þingið.

Umhverfismál

Dagný Finnsdóttir,
umhverfisstjóri MD 109



Kæru lionsfélagar. Nú er nýtt lionsár tekið við og klúbbar farnir að huga að verkefnum sínum. Umhverfisstjóri ásamt umhverfisfulltrúum

erum að taka saman upplýsingar sem við munum senda fljótlega til klúbbstjórna.

Birki – söfnun fræja

Það sem hægt er að segja núna, er að Kristinn H. Þorsteinsson verkefnastjóri Birkifræsöfnunar hjá Landvernd hvetur Lions til að safna fræjum, samkvæmt könnun hjá þeim er nokkuð góð uppskera um allt land. Þau eru að undirbúa hvenær verður byrjað formlega á söfnuninni og biðum við eftir frekari upplýsingum og útfærslu. Fræin verða að vera nægjanlega þroskuð. Stjórnir klúbba munu fá nánari upplýsingar frá okkur í umhverfisnefnd Lions. Margir þekkja þetta verkefni og hafa gert að skemmtilegri samveru félaga og fjölskylda þeirra.

Ég sendi á Lions Mál 1. júlí hvatningu til félaga að gróðursetja tré fyrir hverja utanlandsferð sem er farin, í garðinn eða þar sem við á. Einnig að planta fjölærum blómum, gott fyrir Bíflugurnar og lífríkið.

„Hreint land fagurt land“ er gamalt slagorð og alltaf sígilt


Við getum lagt okkar að mörkum og plokkað rusl og annað í umhverfi okkar.

Við getum lagt svo marga til og verið virk í skemmtilegum verkefnum tengd umhverfismálum. Allar góðar hugmyndir eru vel þegnar og viljum við gjarnan heyra frá ykkur. Verum dugleg að skrá verkefni okkar og vera sýnileg.

Hlökkum til samstarfsins.

Fyrir hönd umhverfismála hjá GST teyminu.

Dagný Finnsdóttir umhverfisstjóri MD 109.



Nýr lionsfélagi – kynning



Nafn, aldur og starf?

Alma Líf heiti ég og datt í þrítugt á þessu ári. Ég starfa sem þjónustufulltrúi í símaveri Samkaup.

Heimili?

Ég bý á Völlunum í Hafnarfirði, bæ jarðskjálfta og hringtorga.

Klúbburinn minn?

Ég er ein af nýliðunum í Lionsklúbbnum .is áður Kiddi sem er netklúbbur.

Hvað kom til að þú gekkst í Lions og hvenær?

Ég hef verið viðloðin Lions í gegnum mömmu og pabba og þegar upp kom hugmynd um stofna Lionsklúbb þar sem ég gat setið fundi hvar sem er með því aðeins að taka upp símann eða fartölvuna, þá ákvað ég að slá til. Ég hef verið virkur meðlimur síðan í júlí 2024.

Hver eru sérkenni klúbbsins?

Sérkenni okkar eru klárlega það að við hittumst ekki á einhverjum ákveðnum stað heldur getur þú verið staddur hvar sem er, jafnvel erlendis, og það eina sem þú þarft að gera er að opna símann til að vera með.

Hvar liggja tækifærin í Lions ?

Tækifæri Lions liggja alveg klárlega í samfélagsmiðlum og markaðssetningu klúbbsins.

Hverju myndir þú vilja breyta hjá Lions?

Að gera okkur sýnileg fleiri miðlum en Facebook

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Gamla góða kjötsúpan er og hefur alltaf verið uppáhaldsmaturinn en skata kemur sterk á hælunum á kjötsúpunni.

Hver eru áhugamálin þín?

Ég hef bilaðan áhuga á bókum og les tímunum saman ef ég fæ tækifæri til.

Nýir lionsfélagar

Lionsklúbburinn Æsa

Guðlaug Þóra Sveinsdóttir

Júlíana Guðrún Júlíusdóttir

Kristín Svala Sigurðardóttir

Sandra Kristinsdóttir

Lionsklúbburinn Dynkur

Forsetinn bauð til Bessastaða

Þegar Guðni Th. Jóhannesson, þáverandi forseti Íslands, heyrði af rútuslysi sem félagar og makar í Lkl. Dynk lentu í í vorferð klúbbsins er átti að halda stjórnarskiptafund, ákvað hann samstundis að bjóða félögum til Bessastaða og ljúka þannig vorferðinni með skemmtilegum hætti. Guðni hefur sterkar tengingar við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, starfssvæði Dynks, en hann starfaði í sumarvinnu við Búrfellsvirkjun árin 1984-5.

Úr varð að þriðjudaginn, 2. júlí 2024, þáði Lionsklúbburinn Dynkur boð forseta og hélt að Bessastöðum. Þar tók Guðni höfðinglega á móti félögum og mökum, sýndi staðinn og rakti sögu hans. Var heimsóknin einkar ánægjuleg og fyrirtaks lúkning á vorferðinni.

Að lokinni heimsókn á Bessastaði var haldið á Hótel Selfoss þar sem stjórnarskiptafundurinn var kláraður og ný stjórn tók við og nýir félagar teknir inn. Félagar og makar þeirra snæddu síðan kvöldverð áður en haldið var heim.

Björgvin G. Sigurðsson.

Myndir: Jónas Yngvi Ásgrímsson.



Hópmýnd af Dynksmönnum, mökum og forseta á Bessastöðum.



Stjórn Dynks; Hörður, Ásmundur, Jóhannes, Oddur Guðni, Hlynur og Guðmundur.



Hlynur Árnason, nýr formaður Dynks.



Guðmundur Sigurðsson, fráfarandi formaður Dynks, afhendir Guðna fána klúbbsins.



Viðtakandi – og fráfarandi stjórn með forseta Íslands

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Alþjóðafing Lions 2025

Geirþrúður Fanney Bogadóttir,
Fjölumdæmisstjóri MD 109



Alþjóðafing Lions 2025 verður haldið í Mexico, dagana 4. – 8. júlí. Björg Bára Halldórsdóttir, NSR Coordinatior, sem hafði í nógu að snúast við að stýra NSR viðburðum á alþjóðafinginu í Melbourne í sumar, hóf þegar að undirbúa þátttöku NSR á þinginu 2025 með því að heimsækja litríkan kynningarbásinn og ræða við verðandi þinghaldara.

Geirþrúður Fanney Bogadóttir, fjölumdæmisstjóri

